

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 362. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, þriðjudaginn 4. október 2022 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 10:00.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerð stjórnar Davalarheimilisins Jaðars, dags. 15. september 2022.
- 2) Fundargerð íþrótt- og æskulýðsnefndar, dags. 21. júní 2022.
- 3) Fundargerð menningarnefndar, dags. 6. september 2022, ásamt bréfi frá Hollvinafélagi Pakkhússins.
- 4) Fundargerð 163. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 29. september 2022.
- 5) Fundargerð 65. stjórnarfundar Jeratúns, dags. 26. ágúst 2022.
- 6) Tölvubréf frá HeV, dags. 8. september 2022, ásamt fundargerð 177. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 7. september 2022.
- 7) Fundargerð 445. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 16. september 2022.
- 8) Fundargerð 912. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. ágúst 2022.
- 9) Bréf frá Leikfélaginu Laugu, dags. 10. september 2022, varðandi ósk um niðurfellingu á leigu í Röst vegna leiksýninga í nóvember.
- 10) Bréf frá foreldrafélaginu Leik á Hellissandi, dags. 19. september 2022, varðandi mottur á útsvæðinu við leikskólann.
- 11) Bréf frá Félagi eldri borgara í Snæfellsbæ, dags. 22. september 2022, varðandi ósk um niðurfellingu á leigu í Klifi vegna jólabasars þann 20. nóvember 2022.
- 12) Bréf frá Árna Guðjóni Aðalsteinssyni, dags. 25. september 2022, varðandi nýbyggingu að Ólafsbraut 23.
- 13) Tölvubréf frá Ólafi Stephensen, dags. 21. september 2022, ásamt áskorun frá Félagi atvinnurekanda, Húseigendafélaginu og Landssambandi eldri borgara.
- 14) Tölvubréf frá Júlíu Sæmundsdóttur hjá Múlaþingi, dags. 7. september 2022, ásamt samningi um rekstur umdæmisráðs barnaverndar á landsbyggðinni og erindisbréfi valnefndar umdæmisráðs barnaverndar á landsbyggðinni.
- 15) Bréf frá UNICEF, dags. 28. september 2022, varðandi tækifæri barna til áhrifa og ráð ungmenna til ráðamanna.
- 16) Bréf frá Skógræktarfélagi Íslands, dags. 22. september 2022, varðandi sveitarfélög, skipulagsáætlanir og framkvæmdaleyfi til skógræktar.
- 17) Minnispointar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 30. september 2022
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Fundur haldinn í stjórn Dvalarheimilisins Jaðars fimmtudaginn 15.09. 2022, kl. 13.00 í húsnæði Jaðars Hjarðartúni 3a, Ólafsvík.

Mættir: Björn Arnaldsson formaður,
Helga Valdís Guðjónsdóttir
Hallgrímur Árni Ottósson
Inga Jóhanna Kristinsdóttir forstöðumaður.

Björn Arnaldsson setti fundinn.

1. Kosning formanns. Tillaga lögð fram um Björn Arnaldsson Tillagan samþykkt samhljóða.
2. Kosning varaformanns. Tillaga lögð fram um Helgu Valdísi Guðjónsdóttur. Tillagan samþykkt samhljóða.
3. Erindisbréf stjórnar. Formaður kynnti erindisbréfið og fór yfir helstu atriði þess.
4. Bréf frá bæjarritara dags. 07.06. 2022, varðandi samþykkt bæjarstjórnar á fundargerð stjórnar Jaðars dags. 05.05. 2022. Lagt fram til kynningar.
5. Kynning á starfsemi Jaðars. Forstöðumaður Jaðars, Inga segir frá sögu heimilisins og stöðunni í dag. Í dag eru 16 hjúkrunarrými og 2 dvalarrými á heimilinu og heimilismenn eru 18. Inga segir frá rekstrinum og stöðu fjármála sem er samkvæmt áætlun. Hún segir einnig frá fyrirhuguðum framkvæmdum við breytingu húsnæðis í gamla hlutanum og nýju anddyri sem styrkur fékkst til frá Framkvæmdasjóði aldraðra. Inga segir frá fyrirkomulagi stjórnunar og nýju vaktafyrirkomulagi starfsfólks þar sem vaktir eru skipulagðar 8 vikur fram í tímann.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.50

Fundargerð ritaði: Helga Valdís Guðjónsdóttir

Björn Arnaldsson
Helga Valdís Guðjónsdóttir
Hallgrímur Árni Ottósson
Inga Jóhanna Kristinsdóttir

Íþróttta- og æskulýðsnefnd – fundur 21. júní 2022

Mæting á fund

Aron, Patryk, Jóhanna og Kristfríður

Fundur hófst kl.18:05

Fundarefni:

- Kosið um formann og var Jóhanna Jóhannesdóttir kosin
 - Allir samþykktu samhljóða
- Kosið um ritara og var Margrét Eva var kosin
 - Allir samþykktu samhljóða
- Boða næsta fund sem hentar öllum, Workplace
- Jóhanna mun boða til næsta fundar á dagsetningu sem hentar öllum
- Praktísk atriði varðandi nefndarfundi
 - Hafa fundi einu sinni í mánuð og ræða það á næsta fundi
- Önnur mál
 - Leggja höfuðið í bleyti og hvað skal gera á þessu kjörtímabili
 - Ráða starfsfólk í félagsmiðstöðuna
 - Halda þessum tveimur dögum hjá unglिंगastigi
 - Halda einum degi hjá miðstigi
 - Auglýsa starfið
 - Ræða lýðheilsu
 - Leikvellir nýbúið að taka í gegn
 - Fullorðinstæki ræða maður
- Jóhanna boðar næsta fund í ágúst (lok ágúst)
- Fundi slitið kl.18:36

Menningarnefnd Snæfellsbæjar

Þriðjudagur 6. September 2019 kl 14:00. Áttthagastofan, Ólafsvík

Fundinn sitja: Arnór Ísfjörð Guðmundsson, Jóhannes Stefánsson, Hafdís Rán Brynjarsdóttir, Helga Jóhannsdóttir og Ingunn Ýr Angantýsdóttir

Fundagerð ritar: Helga Jóhannsdóttir

1. Hollvinafélag Pakkhússins

- a. Erindi frá félaginu varðandi safnkost Pakkhússins, rætt sjá fylgibréf
- b. Nefndin tók vel í erindi, er jákvæð á vinnuna og vísar því á borð bæjarstjórnar.
- c. Hollvinafélagið er tilbúið að leggja til eigin vinnu í þetta verkefni undir leiðsögn forvarðar.

2. Barnameningarhátíð

- a. Fyrri nefnd hafði samþykkt að veita 100 þús króna styrk fyrir hátíðina.
- b. Ný nefnd kom með nokkrar tillögur og niðurstaðan er:
 - i. Dansnámskeið 6- 16 ára. Heill dagur frá atvinnudansara og kennara sunnudaginn 11 sept.
 - ii. Karíus og Baktus – í samstarfi með foreldrafélögnum í leik-og grunnskólum snb. Dagsetning ekki komin á hreint.

3. Jólaviðburðir í SNB

- a. Jólatónleikar – Hera og co, fimmtudagurinn 1. des.
- b. Tillögur fyrir desember:
 - i. Viðburðardagatal
 - ii. Jólatónleikar
 - iii. Jólalegasta húsið
 - iv. Jólalugginn
 - v. Fyrirtækin velja sér dag til að gera eitthvað skemmtilegt
 - vi. Jólalþorp – 3 eða 4. des
 - vii. Piparkökuhúskeppni

15:00 – Fundi slitið.

1. Erindi frá Hollvinafélagi Pakkhússins.

- a. Hollvinafélag Pakkhússins óskar eftir frekari vinnu með forverði í að skrásetja og flokka safnamuni sem eru í eigu bæjarfélagsins. Forvörður hefur nú þegar komið og tekið stöðuna á safnakosti pakkhússins sem er m.a. geymdur í gömlu slökkviliðsstöðinni á Hellissandi. Forvörður hefur komið með tillögu að áframhaldandi vinnu sem þarf að gera til þess að koma safnkosti í viðeigandi forvörslu og hverju má henda til að koma lagi á þessi mál. Sú greiningavinna frá sérfræðing og hljóðar tillaga frá forverði svona:
 - i. „Ég get gert fyrir ykkur mat á húsnæði og aðstæðum þar sem safnkosturinn er geymdur, í gömlu slökkvistöðinni. Þar undir fellur leiðbeiningar um val á hillum, tilmæli og leiðbeiningar um flokkun muna og þarfagreining á því og leiðbeiningar um skráningu muna. Þetta myndi taka mig nokkra daga. Ég gæti byrjað á að vinna eina viku (5 daga) og sé hvað ég kemst langt með þessa greiningu, líklegast langleiðina. Gæti ég verið á staðnum þennan tíma. 5 daga sérfræðivinna, 5x8 klst fer 13.500 myndi kosta 540 þús. Þess utan myndi ég þurfa gististað og nærinu. Bensínkostnaður síðustu ferðar var um 36.400 svo við getum haldið okkur við það. Svo þegar þetta starf er komið í eðlilega siglingu er vert að halda áfram og hagræða betur málum í Pakkhúsinu.
- b. Félagið óskar eftir því að bæjarstjórn veiti stuðning við að standa vörð um og koma skipulagi á safnkost bæjarfélagsins, sem er óneitanlega verðmætur samfélaginu.
- c. Hollvinafélagið er m.a. tilbúið að leggja til eigin vinnu í þetta verkefni undir leiðsögn forvarðar.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - BN. 163BN. 163. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 29. september 2022 og hófst hann kl. 09:30.

Fundinn sátu:

Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Hildigunnur Haraldsdóttir og Karitas Hrafn Elvarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Karitas Hrafn Elvarsdóttir, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. Umsókn um byggingarlóð - 2209003

Jón Haukur Hilmarsson sendir inn umsókn um byggingarlóð einbýlishúss á cinni hæð í Miðbrekku 3 Ólafsvík

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið. Sýnt verði fram á með teikningum að húsið falli að tveggja hæða húsum beggja vegna lóðarinnar.

Samþykkt

2. Dritvíkurvegur og Djúpalónssandur nýtt deiliskipulag - 2209001

Samkvæmt beiðni frá umhverfisstofnun er lögð fram lýsing annars vegar vegna breytinga á aðalsskipulagi og hins vegar vegna nýs deiliskipulags.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir að tæknideild beini málinu í kynningarferli.

Samþykkt

3. ASK_Breyting aðalskipulags í Krossavík - 2203012

Farið yfir viðbragð vegna athugasemda og umsagna.

Umhverfis og skipulagsnefnd fór yfir eldri tillögu að staðsetningu og tillögu að tilfærslu mannvirkja til að koma til móts við umsagnir og athugasemdir. Tillögur breytingar aðalskipulags og deiliskipulags verði unnar áfram. Farið var yfir rök varðandi náttúrufar vegna gróðurgreiningar og fuglatalninga/fuglalífs.

Samþykkt

4. Umsókn um byggingarleyfi - sólskáli - 2209002

Umsókn um byggingarleyfi fyrir sólskála á Munaðarhóli 12

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um uppfyllt skilyrði byggingareglugerðar og að málið fari í grenndarkynningu.

Samþykkt

77

AA. M E

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

5. Umsókn um byggingarleyfi - 2209005

Sótt er um leyfi fyrir viðbyggingu og breytingu á glugga.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu.

Samþykkt

6. Gluggaskipti - 2209004

Fyrirspurn til byggingarfulltrúa varðandi gluggaskipti

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

7. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2022 - 2201001

- Gámasvæðið, lagðar fram tillögur að skipulagi gámasvæðis.

- Jón Jóel - Minnisvarði um Jules Verne á Arnarstapa

- Umferðaröryggi á Hellissandi - Bréf sem barst frá Kolbrúnu Ósk Pétursdóttur

Gámasvæðið - Málið rætt og því frestað. Málið tekið fyrir á næsta fundi.

Jón Jóel - Umhverfis og skipulagsnefnd tekur jákvætt í að skoða hugmyndina nánar varðandi staðsetningu, útlit og efnisval.

Umferðaröryggi á Hellissandi - Nefndin þakkar þarfar úbendingar og leytast verður við að mála gangbrautir á haustmánuðum ef veður leyfir og unnið verður að lausnum varðandi þjóðveginn í samráði við vegagerðina.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:10.

*F. Músi Þenn Þarinn
Krisjana Hermannsdóttir
Máximi Eiríksson
Afr Afr*

Jeratún ehf. - kt. 501203-2030

Fundargerð

65. stjórnarfundur Jeratúns ehf.,
haldinn sem fjarfundur, föstudaginn 26. ágúst 2022, kl. 09:30.

Mætt: Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, formaður, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir, Sigurlaug R. Sævarsdóttir, framkvæmdastjóri og Pétur Hansson, lögg. endurskoðandi.


Formaður setti fund og gengið var dagskrár.

- 1. Árshlutauppgjör jan.-júní 2022**
Sex mánaða milliuppgjör félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022 lagt fram og kynnt.


Árshlutauppgjör samþykkt samhljóða.
- 2. Greiðsluáætlun**
Lögð fram greiðsluáætlun vegna árunna 2022-2025.
- 3. Fasteignaskattur**
Fyrirspurn barst vegna greiðslu fasteignaskatts, sem hefur verið greiddur af FSN skv. samningi við ríkið frá því B-fasteignaskattur var settur á. Kristinn fór yfir ástæðu þess að ríkið eigi að greiða fasteignaskattinn. Framkvæmdastjóra falið að finna frekari gögn varðandi málið.
- 4. Önnur mál**
Innherjaupplýsingar. Engar breytingar.


Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl.


Kristinn Jónasson


Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson


Björg Ágústsdóttir


Sigurlaug R. Sævarsdóttir

Kristinn Jónasson

From: Þorsteinn Narfason <thorsteinn@hev.is>
Sent: fimmtudagur, 8. september 2022 10:58
To: Heilbrigðiseftirlit Vesturlands; Auður Kjartansdóttir; skuli@dalir.is; Trausti Gylfason; sim@stykkisholmur.is; birkir@hvalfjardarsveit.is; sigrun.olafs@borgarbyggd.is; Jakob Björgvin Jakobsson; Sveitarstjóri Dalabyggð; skorradalur@skorradalur.is; sveitarstjori@borgarbyggd.is; Linda Björk Pálsdóttir; Hvalfjarðarsveit; akranes@akranes.is; bjorg@grundarfjordur.is; Kristinn Jónasson; Oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps; thjonustuver@borgarbyggd.is; Sævar Freyr Práinsson; Regína Hansen Guðbjörnsdóttir; Jóhanna Hreinsdóttir; 'Páll Snævar Brynjarsson'
Subject: Fundargerð 177. fundar heilbrigðisnefndar
Attachments: 177. fundur Heilbrigðisnefnd Fundargerð.pdf; 2022 0714_Brekka vindorkuver.pdf; 2022 0815 Skipulagsstofnun Kerendurvinnsla Grundartanga (1).pdf; Reglugerð 0830-2022 (null).pdf; UMH20010004 Leikvallatækja og leikvallasvæða reglugerð.pdf; 177. fundur Heilbrigðisnefnd Fundargerð.pdf

Heil og sæl

Nýkjörin heilbrigðisnefnd hittist á fundi í Hvalfjarðarsveit í gær. Meðfylgjandi er fundargerð ásamt gögnum sem voru lögð fram á fundinum.

Vindorkugarðar eru í umræðunni um allt land og fylgir hér álitá vindorkugarði í Brekku Hvalfjarðarsveit, áður hefur heilbrigðiseftirlitið gefið álit á vindorkugarðinum í Múla. Kerendurvinnslan er staðbundnari en þar eru hugmyndir um að flytja kerbrot allsstaðar að úr heiminum til förgunar í Hvalfirði það er undarleg hugmynd þar sem unnt væri að setja upp samskonar kerbrotagrifjur hvar sem er í heiminum.

Tvær reglugerðir voru kynntar, skráningarreglugerð mun hafa veruleg áhrif á starf heilbrigðisnefndar þar sem ákveðinn hluti starfsemi er færður í miðlæga skráningur á island.is í nafni einföldunar eftirlits. Heilbrigðiseftirlit Sveitarfélaga og Samtök Íslenskra Sveitarfélaga hafa bent á að sjálfsgætt sé að auka rafræna stjórnsýslu en í raun sé verið að auka flækjustig í stjórnsýslunni m.a. þar sem nú koma amk tvö stjórnvöld að skráningunni: Aðili skráir nýja starfsemi og staðfestir að öll gögn séu í lagi. Umhverfisstofnun móttækur skráninguna en gerir ekkert nema taka gjald og senda hana til viðkomandi heilbrigðiseftirlits. Eftirlitið hefur í framhaldinu 5 daga til að bregðast við og hafna skráningu ef við á. Skráningu þarf alltaf að fylgja eftir með eftirliti sem þarf sem sagt að fara fram innan 5 daga. Þetta mun valda meira álagi. Þá er leiðbeiningarhlutverki heilbrigðiseftirlits snúið á haus og í stað þess að geta leiðbeint fyrirtækjum sem sækja um starfsleyfi um hvaða reglur gilda þá kemur eftirlitið nú eftir á eftir gildistöku reglugerðarinnar. Þá er allt ferlið það sama hjá eftirlitinu að það þarf að skrá viðkomandi fyrirtæki í gagnagrunn heilbrigðiseftirlitsins líkt og þegar sótt er um starfsleyfi en ekki jafn augljóst hvernig unnt er að innheimtar þann kostnað þar sem skráningargjöld renna til Umhverfisstofnunar. Þá hefur listinn yfir skráningarskylda starfsemi verið gagnrýndur þar sem jafnvel mjög mengandi starfsemi geti hafið starfsemi eftir skráningu. Reglugerðin tekur gildi 1. nóvember nk.

Breyting á reglugerð um leiktæki og leikvallatæki felur í sér aðeins meiri sveigjanleika varðandi tíðni aðalskoðunar um þetta er fjallað nánar í 13 og 14 gr. reglugerðarinnar. Mikilvægt er að sveitarfélög komi sér upp starfsfólki sem hefur þekkingu til að halda utan um rekstarhandbók skv. reglugerðinni. Heilbrigðiseftirlit á að hafa aðgang að þessari rekstarhandbók þarf að fá hana senda fyrir 1. febrúar ár vegna upplýsinga frá árinu áður. Meðal annars er tíðni aðalskoðanna svo metin á grundvelli þessarar rekstarhandbókar.

Kveðja

Þorsteinn Narfason,
framkvæmdastjóri.
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Innri mel 3, 301 Akranes
Símar 4312750 og 6206566



Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

177. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn verður haldinn í fundarherbergi á Innri mel 3 Hvalfjarðarsveit miðvikudaginn 7. september 2022 kl. 16:00-18.00.

Mættir: Auður Kjartansdóttir, Birkir Snær Guðlaugsson, Kristinn Hallur Sveinsson, Sigrún Ólafsdóttir, Steinunn I. Magnúsdóttir, Garðar Freyr Vilhjálmsson, Trausti Gylfason.

Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins sat fundinn og ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Heilbrigðisnefnd skiptir með sér verkum
Kosning formanns og varaformanns
Kristinn Hallur Sveinsson var kosinn formaður og Auður Kjartansdóttir var kosinn varaformaður.

2. Umsagnir

Umsagnir til sýslumanns rekstrarleyfi

- 2.1 Umsókn Þorsteins Magnússonar um rekstur gististaðar í flokki IV, stærra gistiheimili með áfengisveitingum. 13 gistrými. Umsögn send 4. júlí 2022.
- 2.2 Umsókn Signýjar Gunnarsdóttur fh. Græna kompaníð um rekstur gististaðar í II. flokki G-íbúðir að Hrannarstíg 5 og 5b. Gestafjöldi er 12. Jákvæð umsögn var send 8. júlí 2022.
- 2.3 Umsókn Gróu H. Rósinkrönsu Jónsdóttir um rekstrarleyfi í II. flokki, krá, að Hvammsvík í Kjósarhreppi. Áætlaður gestafjöldi er 50 manns. Jákvæð umsögn veitt 13. júlí 2022.
- 2.4 Umsókn Grétars Jónssonar f.h. Ice travel camping ehf. um rekstur gististaðar í flokki II, gisting í 5 smáhýsum að Móum Hvalfjarðarsveit. Heildarfjöldi gesta 29 gestir. Jákvæð umsögn send 19. júlí 2022.
- 2.5 Umsókn Sigurþórs G. Gunnlaugssonar f.h. Stangaveiðifélags Reykjavíkur um leyfi til reksturs gististaðar í flokki IV hótél í Langárbyrgi við Langá, Borgarbyggð. Hámarksfjöldi gesta er 24 í gistingu og 30 í veitingasal. Jákvæð umsögn send 20. júlí 2022.
- 2.6 Umsókn Helgu Sæmundsdóttur f.h. Siggudóru ehf. vegna reksturs gististaðar í flokki IV, hótél, hámarksfjöldi gesta er 100. Jákvæð umsögn veitt þann 10. ágúst 2022.

KS
þv

- 2.7 Umsókn Rafns Vals Alfreðssonar f.h. Arctic Empire ehf. um nýtt rekstrarleyfi fyrir gististað í IV. flokki, hótél í veiðihúsi á Rjúpnáasi við Norðurá í Borgarbyggð. Hámarksfjöldi gesta er 28 manns.
- 2.8 Umsókn frá Þórði Bachmann f.h. Grillhússins ehf. vegna reksturs veitingastaðar í flokki I veitingahús Food station Borgarnesi. Hámarksfjöldi gesta er 140 manns. Jákvæð umsögn send þann 26. ágúst 2022.
- 2.9 Umsókn Níels Hermannssonar fyrir hönd Heljarskinns ehf. um breytingu á rekstri gististaðar úr flokki III í flokk IV gististaður, stærra gistiheimili með áfengisveitingum á Gili gistiheimili á Skriðulandi Saurbæ í Dalabyggð. Hámarksfjöldi er 24 gestir. Jákvæð umsögn var send 29. ágúst 2022.
- 2.10 Brekkuhvammi 12 a og 12 b í Búðardal. Fjöldi gesta er 6 manns í hvorri íbúð. Jákvæð umsögn var gefin þann 30. ágúst 2022.
- 2.11 Umsókn Egils Benediktssonar fyrir hönd Stundarfirðar ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, þrjú sumarhús, að Hólum í Helgafellsveit, fjöldi gesta í hverju húsi er 4, samtals 12 gestir. Jákvæð umsögn var veitt þann 30. ágúst 2022.
- 2.12 Umsókn Signýjar Gunnarsdóttur f.h Græna kompanísins ehf. Hrannarstíg 5 í Grundarfirði um leyfi fyrir rekstur gististaðar í flokki II, tvær íbúðir, 6 gestir í hvorri íbúð.

Umsagnir til sýslumanns tækifærisleyfi

- 2.13 Umsókn Páls Snævars Brynjarssonar f.h. Knattspyrnudeildar UMF Skallagríms um tækifærisleyfi með tímabundnu leyfi til áfengisveitinga vegna kótilettukvölds sem halda á í félagsheimilinu Hjálmakletti 25. júní 2022. Jákvæð umsögn veitt 22. júní.
- 2.14 Umsókn Elísabetar H. Einarsdóttur um tækifærisleyfi vegna Landsmóts sambands Íslenskra harmónikkunnenda 1. júlí til 3. júlí. Gert ráð fyrir 350 gestum á tónleika og dansleiki sem halda á í íþróttahúsinu Stykkishólmi. Jákvæð umsögn var veitt 28. júní 2022.
- 2.15 Umsókn Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttur f.h. Dalabyggðar um samkomu og dansleik í félagsheimilinu Dalabúð í Búðardal. Gestafjöldi er áætlaður 350 manns. Jákvæð umsögn var send þann 28. júní 2022.
- 2.16 Umsókn Sigmundar Heiðars Árnasonar f.h. Ásborg bar ehf. um tímabundna viðbót við gildandi rekstrarleyfi vegna lengri afgreiðslutíma í tengslum við bæjarhátíð á Akranesi 1. -3. júlí. Gestafjöldi er áætlaður 80-100 gestir. Neikvæð umsögn veitt þann 28. júní en þann 1. júlí var send jákvæð umsögn og fallist á opnunartíma til kl. 4 með sérstökum skilyrðum.
- 2.17 Umsókn Ísólfs Haraldssonar f.h. Veislur og viðburðir ehf. um leyfi fyrir samkomu Lopapeysan á Írskum dögum 2022 þann 2. júlí samkoma, tónleikar og dansleikur í gömlu skemmuni við Sementsverksmiðjuna á Akranesi. Jákvæð umsögn með skilyrðum var send þann 1. júlí 2022.
- 2.18 Umsókn Jóhanns J. Ísleifsson f.h. Hátíðarfélags Grundarfjarðar vegna bæjarhátíðar dagana 21. júlí-24. júlí 2022 á hafnarsvæðinu í Grundarfirði. Gert

KHS
JNV

er ráð fyrir 1000 gestum. Dansleikur með vínveitingum. Jákvæð umsögn var veitt með skilyrðum þann 14. júlí 2022.

- 2.19 Umsókn Ársæls Aðalbergssonar f.h. Skógarmanna KFUM um tækifærisleyfi til útihátíðar í Vatnaskógi, Hvalfjarðarsveit daganna 28. júlí -1. ágúst 2022. Áætlaður gestafjöldi er 1200 manns. Jákvæð umsögn var veitt með skilyrðum þann 15. júlí 2022.
- 2.20 Umsókn Björns Lúðvíkssonar um tækifærisleyfi til að halda tónleika í skemmuhúsnæði á Breiðgötu 2 b Akranesi þann 16. júlí. Gestafjöldi er áætlaður 100 manns. Jákvæð umsögn var gefin með skilyrðum þann 15. júlí 2022.
- 2.21 Umsókn Helgu Jónsdóttur um tækifærisleyfi vegna dansleiks í samkomuhúsinu Þverárrétt í Borgarbyggð þann 26. ágúst-27. ágúst. Jákvæð umsögn var veitt þann 18. ágúst 2022.

Lagt fram til kynningar.

3. Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál

Skipulagsstofnun

- 3.1 Matsáætlun unnin af Eflu fyrir Zephyr Iceland ehf. sem áformar að reisa 50 MW vindorkugarð innan 300 ha. svæðis við Brekku í Hvalfjarðarsveit. Umsögn var veitt þann 14. júlí 2022.
- 3.2 Starfsemi fyrir endurvinnslu kerbrota sbr. tilkynningu Kerendurvinnslunnar og greinargerð: Endurvinnsla kerbrota- Fyrirspurn um matskyldu. Umsögn var veitt 15. ágúst 2022.

Lagt fram til kynningar.

Borgarbyggð

- 3.3 Breyting á deiliskipulagi íbúðarbyggðar að Varmalandi fyrir Hótel Varmaland. Með erindinu fylgdi breytingartillaga sem unnin er af Landslagi. Umsögn var veitt 5. júlí 2022.
- 3.4 Breyting á deiliskipulagi fyrir Litlu Tunguskóg í landi Húsafells III. Breytingartillaga unnin af Landslagi ehf. Umsögn send 18. júlí 2022

Kjósarhreppur

- 3.5 Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar Brekkna, Möðruvelli 1, Kjósarhreppi. Umsögn veitt 19. júlí 2022.
- 3.6 Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Flekkudals, Nesvegur 1,3 og 5. Auglýst á ný vegna breytinga á aðalskipulagi til samræmingar. Umsögn var veit 19. júlí 2022.

4. Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndarinnar

- 4.1 Akraneskaupstaður sækir um nýtt starfsleyfi fyrir frístundaheimili að Vesturgötu 130, Akranesi. Leyfi var gefið út þann 8. ágúst 2022 og gildir til 12 ára.

KHS
þNF

- 4.2 Akraneskaupstaður sækir um nýtt starfsleyfi fyrir leikskólann Garðasel, Þekjan, Vesturgötu 130 Akranesi. Leyfi var gefið út þann 8. ágúst 2022 og gildir til 1. október 2022.
- 4.3 Hvammsvík sjóböð sækir um starfsleyfi fyrir kaffihúsi og baðstað í náttúrunni. Leyfið var gefið út þann 1. júlí til 12 ára.
- 4.4 Frúarstígur 1 ehf. sækir um starfsleyfi fyrir gististað fyrir 13 manns án veitinga að Frúarstíg 1, Stykkishólmi. Leyfi var gefið út þann 4. júlí til 12 ára.
- 4.5 Hótel Húsafell sækir um handhafabreytingu vegna nýs rekstraraðila fyrir baðstað í náttúrunni Giljaböð í Húsafelli. Leyfið var endurútfengið á nýjan rekstraraðila 4. júlí 2022 og leyfið gildir til 22. nóvember 2031.
- 4.6 Græna kompaníð ehf. sækir um starfsleyfi fyrir gististað fyrir 12 manns án veitinga að Hrannarstíg 5 og 5b, Grundarfirði. Leyfið var gefið út 7. júlí til 12 ára.
- 4.7 Ice travel camping ehf. sækir um starfsleyfi fyrir gistingu í 5 smáhýsum og einu íbúðarhúsi að Móum Akranesi. Leyfið var gefið út þann 18. júlí 2022 og gildir til 12 ára.
- 4.8 Stangaveiðifélag Reykjavíkur sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir gisti- og veitingaþjónustu, fyrir 24 manns í gistingu og veitingahús fyrir 30 manns fyrir veiðihúsið Langárbyrgi við Langá, Borgarbyggð. Leyfið var gefið út 20. júlí og gildir til 12 ára.
- 4.9 Solo hársnyrtistofa sf. sækir um starfsleyfi fyrir hársnyrtistofu á Hyrnutorgi, Borgarnesi. Starfsleyfið var gefið út þann 21. júlí 2022 og gildir til 12 ára.
- 4.10 Verslunin Einar Ólafsson sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir kjötvinnslu og verslun að Skagabraut 9-11 Akranesi. Leyfið var gefið út 22. júlí 2022 og gildir til 12 ára.
- 4.11 Running Tide Iceland ehf. sækir um starfsleyfi fyrir endurvinnslu á úrgangi en um er að ræða framleiðslu á baujum úr náttúrulegum efnum. Staðsetning á Klafastaðavegi 5-9 Grundartanga. Leyfið var auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins frá 2. júní til 30. Júní, engar athugasemdir bárust. Leyfið var gefið út 21. júlí 2022 og gildir til 12 ára.
- 4.12 Vélaverkstæði Kristjáns ehf. sækir um starfsleyfi fyrir vélaverkstæði að Brákarbraut 20, Borgarnesi. Leyfið var auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins frá 11. maí til 11. júní engar athugasemdir bárust. Leyfið var gefið út 24. júní 2022 til 12 ára.
- 4.13 Hernámssetrið ehf. sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir lítið tjald- og gistivagnastæði að Hlökkum, Hvalfjarðarsveit. Leyfið var gefið út 9. ágúst 2022 til 12 ára.
- 4.14 Stangaveiðifélag Reykjavíkur sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir gististað með veitingum fyrir veiðihúsið við Haukadalsá Stóru Skógalandi, Dalabyggð. Leyfið gefið út 10. ágúst og gildir til 12 ára.
- 4.15 Sigga Dóra efh. sækir um starfsleyfi fyrir gisti- og matsölustað að Laugum í Sælingsdal, hámarsfjöldi gesta er 100. Leyfið var gefið út 5. ágúst 2022 og gildir til 1. nóvember 2022.
- 4.16 Trausti V. Bjarnason sækir um starfsleyfi fyrir lítið tjald- og gistivagnastæði að Á, Skarðsströnd, Dalabyggð. Leyfið var gefið út þann 10. ágúst 2022 og gildir til 12 ára.
- 4.17 Classic hárstofa ehf. sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir hárgreiðslustofu að Smiðjuvöllum 32, Akranesi. Leyfið var gefið út þann 15. ágúst 2022 til 12 ára.
- 4.18 Akraborg ehf. sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir niðursuðuverksmiðju að Kalmannsvöllum 6, Akranesi. Leyfið var auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins frá 4. maí

KHS
PN.

- til 1. júní, engar athugasemdir bárust. Leyfið var gefið út þann 24. júní 2022 og gildir til 12 ára.
- 4.19 SB ráðgjöf ehf. sækir um starfsleyfi fyrir sjúkráþjálfun að Borgarbraut 4 í Íþróttamiðstöðinni Stykkishólmi. Leyfið var gefið út þann 17. ágúst til 12 ára.
 - 4.20 Borgarbyggð sækir um starfsleyfi fyrir Ölduna hæfingu, dagþjónustu að Sólbakka 4, Borgarnesi. Leyfið var gefið út þann 23. ágúst 2022 og gildir til 12 ára.
 - 4.21 María Lúsía Kristjánsdóttir sækir um starfsleyfi fyrir tjald- og gistivagnastæði að Stóra Lambhaga, Hvalfjarðarsveit. Starfsleyfið var gefið út þann 24. ágúst 2022 til 12 ára.
 - 4.22 Mæstro sf. Hrannarstíg 14 Grundarfirði sækir um starfsleyfi fyrir færanlegan matarvagn. Leyfið var gefið út þann 29. ágúst 2022 og er ótímabundið.
 - 4.23 Heljarskinn ehf. sækir um starfsleyfi fyrir gisti- og matsölu fyrir 24 manns að Skriðulandi Saurbæ, Búðardal. Leyfið var gefið út þann 26. október 2022 til 12 ára.
 - 4.24 Arndís Anna Jakobsdóttir sækir um starfsleyfi fyrir gististað að Brekkuhvammi 12a og 12 b, Búðardal. Leyfið var gefið út þann 29. ágúst 2022 til 12 ára.
 - 4.25 Stundarfriður ehf. sækir um starfsleyfi fyrir gisti- og matsölustað með 10 gistrýmum í þremur frístundahúsum og gisti- og veitingahúsi og að Hólum 1, Stykkishólmi. Leyfið var gefið út 30. ágúst 2022 til 12 ára.
 - 4.26 Grundarfjarðarbær sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir tjaldstæði við íþróttamiðstöðina Borgarbraut, Grundarfirði. Leyfið var gefið út 30. ágúst 2022 til 12 ára.
 - 4.27 Berg Verktakar ehf. sækir um leyfi fyrir niðurrif/meðhöndlun á hitaveitulögnum úr asbesti á landi Varmalækjar og nágrenni í Borgarfirði. Leyfi auglýst í 4 vikur án athugasemda og gefið út 28. júní 2022 og gildir til 31. desember 2022.
 - 4.28 Jón Pálmi Pálsson, Jaðarsbraut 25 sækir um starfsleyfi fyrir meindýravarnir. Leyfið var auglýst í 4 vikur á vef heilbrigðiseftirlitsins án athugasemda og gefið út 2. maí 2022 og gildir til 12 ára.
 - 4.29 Steypustöðin ehf. sækir um leyfi fyrir rekstri malarnámu, viðgerðaraðstöðu eigin véla og mótuneyti starfsfólks í Hólabrú, Hvalfjarðarsveit. Leyfið var auglýst í 4 vikur á vef heilbrigðiseftirlitsins án athugasemda og gefið út 7. júlí 2022 og gildir í 12 ár.
 - 4.30 Steypustöðin ehf. sækir um leyfi fyrir rekstri malarnámu í landi Skorholts- og Bakka í Hvalfjarðarsveit. Leyfið var auglýst í 4 vikur á vef heilbrigðiseftirlitsins án athugasemda. Leyfið gefið út 7. júlí og gildir til 12 ára.
 - 4.31 Orkan IS ehf. sækir um leyfi fyrir sjálfvirkri eldneytisafgreiðslu á Ólafsbaut 27 í Ólafsvík. Leyfið var auglýst frá 17. maí til 14. júní 2022 án athugasemda. Leyfið gefið út 24. júní 2022 og gildir til 12 ára.
 - 4.32 Vélsmiðja Grundarfjarðar ehf. sækir um leyfit fyrir vélsmiðja og vélaviðgerðarverkstæði á Ártúni 3 í Grundarfirði. Leyfið var auglýst 11. maí til 11. júní 2022 án athugasemda. Leyfið gefið út 24. júní 2022 til 12 ára.
 - 4.33 Ístak ehf. sækir um leyfi fyrir niðurrifi mannvirkja á lóð Norðuráls Katanesvegi 5. Leyfið var auglýst frá 16. febrúar til 16. mars án athugasemda. Leyfi gefið út 17. mars og gildir til 1. nóvember 2022.

KHS
BN

- 4.34 Kaffi Ást ehf. sækir um leyfi fyrir rekstri þvottahús á Borgarbraut 4 í Borgarnesi. Leyfið auglýst frá 22. júní til 22. júlí 2022 án athugasemda. Leyfið gefið út 21. júní og gildir til 12 ára.
- 4.35 Hótel Borgarnes ehf. sækir um endurnýjað leyfi fyrir gisti- og veitingastað / hótél á Egilsgötu 16 í Borgarnesi. Gestafjöldi í gistingu er 150. Leyfið gefið út 1. september og gildir í 12 ár.
- 4.36 Hótel Húsafell ehf. sækir um leyfi fyrir tjald- og gistivagnastæði í Húsafelli. Leyfið gefið út 1. september og gildir til 12 ára.
- 4.37 Apótek Vesturlands sækir um leyfi fyrir lyfjaverslun á Digranesgötu 6 í Borgarnesi. Leyfi gefið út 6. september 2022 og gildir til 12 ára.

Lagt fram.

5. Ný löggjöf

- a. Reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur
Kynnar verða breytingar vegna gildistöku reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022.
- b. Reglugerð um öryggi leik leikvallatækja og leiksvæða.
Kynnar verða breytingar vegna gildistöku reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur reglugerðin hefur enn ekki verið birt en tekur gildi um miðjan september.

Lagt fram og kynnt.

6. Önnur mál.

Umræður um starfsemi heilbrigðiseftirlitsins og heilbrigðisnefndar.

Fundi slitið kl 18.00

Kristinn H. Sveinsson
Birkir Snær Guðlaugsson
Aðalbjörg Kjartansdóttir
Sigrún Ólafsdóttir
Trausti Guðjónsson
Þórunn Magnúsdóttir
Góða Freyja Vilhjálmsdóttir
Þorsteinn Narfsson

Fundargerð 445. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2022, föstudaginn 16. september kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Pétur Ólafsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Ólafur Þór Snorrason.

Að auki sat fundinn Gunnar Tryggvason frá Faxaflóahöfnum en hann situr stjórnarfundum sem áheyrnarfulltrúi og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 444. fundar - 2110003HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 444. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 14. júní 2022.

Fundargerðin staðfest.

2. Úttekt á gjaldskrármálum hafna og þróun þeirra - 2201002HA

Gísli Gíslason kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir úttekt á stöðu gjaldskrármála sem hann hefur unnið fyrir hafnasambandið.

Stjórn þakkar Gísla fyrir úttektina sem jafnframt verður kynnt á hafnasambandsþingi 27.-28. október í Ólafsvík.

3. Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61-2003 - óskað umsagnar - 2203030SA

Formaður gerir grein fyrir fundi sem hann átti með ráðuneytinu um fyrirhugaðar frumvarp til breytinga á hafnalögum. Seinasta vor var ákveðið að fresta slíku frumvarpi og leggja fram tvö frumvörp núna í haust. Fyrri frumvarpið snýr að innleiðingu á ESB-gerðinni um hafnarþjónustu og gagnsæi í fjármálum hafna. Í því frumvarpi verður ákvæði um gjaldtöku með vísan til umhverfissjónarmiða. Seinna frumvarpið snýr að hugmyndum um afmörkun hafnarsvæða.

4. Dagskrá hafnasambandsþings og drög að ályktunum - 2110002HA

Lögð fram dagskrá hafnasambandsþings 2022 ásamt drögum að ályktunum og fjárhagsáætlun.

Ákveðið að vinna drög að ályktunum á fjárhagsáætlun betur næstu daga áður en fundargögn verða senda á þingfulltrúa.

Gunnar Tryggvason vék af fundi kl. 12:40.

5. Siglingaráð - 2009019HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 33. fundar Siglingaráðs frá 3. júní 2022.

6. **Rafstaðlaráð - Kynning á stöðluðum landtengingum skipa - 2209003HA**

Lögð fram til kynningar dagskrá vinnustofu um staðla fyrir landtengingar skipa sem haldin verður þann 27. september 2022.

Fundi var slitið kl. 12:50

Lúðvík Geirsson

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Pétur Ólafsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Björn Arnaldsson

Ólafur Þór Snorrason

Gunnar Tryggvason

Fundargerð 912. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2022, föstudaginn 26. ágúst kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Kristján Þór Magnússon, Guðmundur Baldvin Guðmundsson og Lilja Einarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri, Anna G. Björnsdóttir sviðsstjóri, Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri og Guðjón Bragason sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Kristján Þór Magnússon, Lilja Einarsdóttir og Guðmundur Baldvin Guðmundsson tóku þátt í fundinum í fjarfundi. Jón Björn Hákonarson boðaði forföll, varamaður hans Guðmundur Baldvin Guðmundsson mætti í hans stað. Ásgerður Kristín Gylfadóttir boðaði forföll, varamaður hennar Lilja Einarsdóttir mætti í hennar stað. Gunnar Einarsson boðaði forföll, varamaður hans hafði ekki tök á að mæta. Rakel Óskarsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar hafði ekki tök á að mæta.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 911. fundar - 2201008SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 911. fundar stjórnar sambandsins frá 23. júní 2022.

Fundargerðin staðfest og undirrituð.

2. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2009015SA

Lögð fram fundargerð 74. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 20. júní 2022.

Stjórnin telur mikilvægt að Handbók sveitarfélaga í úrgangsstjórnun verði kynnt vel fyrir sveitarfélögum og að lögð verði áhersla á kynningu á þeim breytingum sem taka eiga gildi um næstu áramót.

3. Drög að dagskrá landsþings sambandsins - 2009414SA

Lögð fram að nýju drög að dagskrá landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022.

Stjórnin samþykkir framlagða tillögu að dagskrá landsþingsins með fáeinum breytingum. Yfirskrift landsþingsins verður Grunnur að góðu samfélagi.

Sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs falið að senda dagskrána ásamt fundargögnum til landsþingsfulltrúa og þeirra sem eiga seturétt á landsþinginu með málfrelsi og tillögurétti.

- 4. Drög að stefnumótunarskjali fyrir landsþing sambandsins - 2203042SA**

Lögð fram drög að stefnumótunarskjali fyrir Landsþing sambands Íslenskra sveitarfélaga 2022.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að uppfæra skjalið m.v. umræður á fundinum og senda drög að stefnumörkun á landsþingsfulltrúa, þar sem rætt verður sérstaklega um hvert markmið fyrir sig. Jafnframt minnir stjórnin sveitarstjórnarmenn á að Sveitarstjórnarskólinn er gagnlegt verkfæri til undirbúnings fyrir landsþingið.
- 5. Borgaraleg skylda opinberra aðila - 2201049SA**

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 8. júlí 2022, um borgaralega skyldu opinberra aðila.

Stjórn samþykkir að senda áskorun til ráðherra um að hefja þegar vinnu við heildarendurskoðun laga um almannavarnir m.a. með það að markmiði að ná sátt um útfærslu á ákvæði um borgaralega skyldu.
- 6. Staða kjaramála - 2109025SA**

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 26. ágúst 2022, um stöðu kjaramála í ágúst 2022. Sviðsstjóri kjarasviðs kynnti inntak kjaraviðræðna við Skólastjórafélag Íslands og Félag stjórnenda í leikskólum.

Stjórnin veitir umboð sitt til að ljúka gerð kjarasamnings við Skólastjórafélag Íslands og Félag stjórnenda í leikskólum, að teknu tilliti til ábendinga sem fram komu á fundinum.
- 7. Forsendur fjárhagsáætlunar 2023-2026 - 2206017SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 23. ágúst 2022, til sveitarstjórna og þeirra starfsmanna sveitarfélaga sem málið varða um forsendur fjárhagsáætlana 2023-2026.

Stjórnin þakkar fyrir greinargott minnisblað sem mun nýtast sveitarfélögum vel við fjárhagsáætlanagerð.
- 9. Félagsdómur - 2108030SA**

Lagt fram bréf Gísla Gíslasonar, dags. 7. júlí 2022, um Félagsdóm.

Stjórnin þakkar Gísla Gíslasyni fyrir greinargóðar upplýsingar og góða og farsæla setu í Félagsdómi, f.h. sambandsins, í 30 ár.
- 10. Samningur um samræmda móttöku flóttafólks 2022-2025 - 2207022SA**

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 26. ágúst 2022, um ramma að samkomulagi um samræmda móttöku flóttafólks.

Stjórnin þakkar fyrir greinargott minnisblað og telur þann grunn sem nú hefur náðst samstaða um skapa forsendur til þess að fjölga þeim sveitarfélögum sem taka á móti flóttafólki. Sveitarstjórnunum er bent á að ítarleg frétt um samkomulagið er á vef sambandsins, ásamt upptöku frá kynningarfundum sem haldinn var 24. ágúst sl. Stjórnin hvetur sveitarstjórnir til þess að kynna sér efni samkomulagsins og taka afstöðu til þess hvort sveitarfélögin geti tekið þátt í þessu mikilvæga samfélagslega verkefni. Stjórnin ítrekar að lokum mikilvægi

þess að stuðningur við börn og ungmenni verði útfærður nánar í góðu samráði við sveitarfélögin.

8. Tilnefning í þingmannanefnd um málefni barna - 2206019SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 15. júní 2022, þar sem Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins er tilnefnd sem áheyrnarfulltrúi í þingnefnd um málefni barna, og María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

11. Tilnefning í starfshóp gegn hatursorðræðu - 2205033SA

Lagt fram til kynningar tölvupóstur sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 7. júní 2022, þar sem Þórður Kristjánsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins er tilnefndur sem aðalmaður í starfshóp gegn hatursorðræðu, og Kristín Ólafsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

12. Tilnefning í starfshóp um húsnæðisstuðning - 2206032SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 22. júní 2022, þar sem Ása Arnfríður Kristjánsdóttir, bæjarlögmaður í Kópavogi, er tilnefnd í starfshóp um húsnæðisstuðning.

13. Tilnefning í mengunarvarnaráð hafna 2022-2026 - 2206004SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 22. júní 2022, þar sem Ríkharður F. Friðriksson, deildarstjóri mengunarvarna og umhverfismats hjá heilbrigðiseftirliti Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, er tilnefndur til áframhaldandi setu í mengunarvarnaráði hafna 2022-2026.

14. Tilnefning í vinnuhóp um endurskoðun á mats- og greiðslukerfi til hjúkrunarheimila - 2207004SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 5. júlí 2022, þar sem Valgerður Freyja Ágústsdóttir, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði sambandsins, er tilnefnd í vinnuhóp um endurskoðun á mats- og greiðslukerfi til hjúkrunarheimila.

15. Tilnefning í samstarfsvettvang um innleiðingu breytinga á ráðstöfun fjármuna í grunnskólum í framhaldi af tilraunaverkefni - 2206013SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins dags. 7. júlí 2022, þar sem Jóhann Sævarsson, rekstrarfulltrúi hagdeildar Reykjanesbæjar, og Þórður Kristjánsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, eru tilnefndir sem aðalfulltrúar í samstarfsvettvang um innleiðingu breytinga á ráðstöfun fjármuna í grunnskólum í framhaldi af tilraunaverkefni, og Anna Ingadóttir, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

16. Endurtilnefning í sjávarútvegsnefnd - 2205001SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til matvælaráðuneytisins, dags. 12. júlí 2022, þar sem Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri í Fjarðabyggð og

varaformaður í Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga, er tilnefndur í sjávarútvegshöfnun í stað Rebekku Hilmarsdóttur, sem beðist hefur lausnar frá setu í nefndinni.

17. Tilnefning í verkefnisstjórn um undirbúning Sundabrautar - 2207021SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 13. júlí 2022, þar sem Sævar Freyr Práinsson, bæjarstjóri á Akranesi, er tilnefndur í verkefnisstjórn um undirbúning Sundabrautar.

18. Tilnefning í amhæfingarnefnd um velferð og virkni á vinnumarkaði - 2207006SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 13. júlí 2022, þar sem Margrét Sigurðardóttir, sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, er tilnefnd í Samhæfingarnefnd um velferð og virkni á vinnumarkaði.

19. Tilnefning í samráðshóp um þjónustu talmeinafræðinga við börn - 2207005SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 13. júlí 2022, þar sem Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í samráðshóp um þjónustu talmeinafræðinga við börn.

20. Tilnefning í verkefnastjórn sem undirbýr lögfestingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks - 2207007SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 12. ágúst 2022, þar sem Helga Jóna Benediktsdóttir, lögfræðingur á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, og María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, eru tilnefndar sem aðalmenn, í verkefnastjórn sem undirbýr lögfestingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Arne Friðrik Karlsson, forstöðumaður skrifstofu um málefni fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg, er varamaður Helgu Jónu, og Svala K. Hreinsdóttir, sérfræðingur í málefnum barna á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er varamaður Maríu Ingibjargar.

21. Tilnefning í stýrihóp um fyrsta fasa í vinnu við gerð áætlunar um aðlögun að loftslagsbreytingum - 2206035SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 15. júlí 2022, þar sem Hrönn Hrafnadóttir, sérfræðingur á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, er tilnefnd sem aðalmaður í stýrihóp um fyrsta fasa vinnu við gerð áætlunar um aðlögun að loftslagsbreytingum, og Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, til vara.

22. Tilnefning í stýrihóp um eflingu umhverfis- og loftslagsvænna nýfjárfestinga - Græni dregillinn - 2207008SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, dags. 5. ágúst 2022, þar sem Hrönn Hrafnadóttir,

sérfræðingur á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, og Óli Örn Eiríksson, deildarstjóri Atvinnuþróunarteymis Reykjavíkurborgar, eru tilnefnd í stýrihóp um eflingu umhverfis- og loftslagsvænna nýfjárfestinga (Græni dregillinn).

Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

23. Tilnefning í þverfaglega ritstjórn - 2203024SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Vinnueftirlits ríkisins, dags. 5. ágúst 2022, þar sem Bjarni Ómar Haraldsson, sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, er tilnefndur í þverfaglega ritstjórn.

24. Endurtilnefning í samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna - 2206008SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 5. ágúst 2022, þar sem Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri í Norðurþingi, eru tilnefnd í samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna, í stað Dagbjartar Jónsdóttur, fyrrverandi sveitarstjóra í Þingeyjarsveit. Sambandið gerir ráð fyrir að Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Ásahrepps, sitji áfram í nefndinni f.h. sambandsins. Sambandið tilnefnir Valgerði Rún Benediktsdóttur, lögfræðing á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, sem varamann beggja fulltrúa sambandsins í nefndinni.

25. Tilnefning í fagråd um málefni Brunamálaskólans - 2207019SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 10. ágúst 2022, þar sem Berglind Eva Ólafsdóttir, sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í fagråd um málefni Brunamálaskólans, og Helgi Aðalsteinsson, sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, til vara.

26. Tilnefning í viðbragðsteymi um bráðapjónustu í landinu - 2207013SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 15. ágúst 2022, þar sem Brynjar Þór Friðriksson, deildarstjóri hjá SHS, er tilnefndur í viðbragðsteymi um bráðapjónustu í landinu.

27. Umsögn um drög að reglum um varðveislu og eyðingu skjala úr fjárhagsbókhaldi afhendingarskyldra aðila - 2203046SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 27. júní 2022, um drög að reglum um varðveislu og eyðingu skjala úr fjárhagsbókhaldi afhendingarskyldra aðila.

28. Umsögn um endurskoðun undanþágukafla aðalnámskrár grunnskóla - 2207011SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 6. júlí 2022, um endurskoðun undanþágukafla aðalnámskrár grunnskóla, mál nr. S-101/2022.

29. Umsögn um áform um breytingu á lögum menningarminjar - aldursfriðun - 2208004SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 15. ágúst 2022, um áform um breytingu á lögum um menningarminjar (aldursfriðun), mál nr. S-141/2022.

30. Umsögn um öryggisþjónustu - kortlagning, greining og stefna og frumvarp um öryggisráðstafanir og öryggsvistun - 20092685A

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 16. ágúst 2022, um öryggisþjónustu - kortlagning, greining og stefna, mál nr. S-99/2022 og frumvarp um öryggisráðstafanir og öryggsvistun, mál nr. S-100/2022.

Fundi lauk kl. 14.40.

Fundi var slitið kl. 14:40

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

Eyþór Laxdal Arnalds

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Kristján Þór Magnússon

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Lilja Einarsdóttir

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar
Klettsbúð 6
360 Hellissandi

Snæfellsbæ, 10. september 2022

Leikfélagið Lauga hyggst setja á svið leikrit í félagsheimilinu Röst í nóvember 2022. Þar sem félagið er nýstofnað þá óskum við hér með eftir því að fá félagsheimilið Röst til afnota endurgjaldslaust.

Með bestu kveðju,

f.h. Leikfélagsins Laugu


Sóley Jónsdóttir, gjaldkeri


Nanna Aðalheiður Þórðardóttir, ritari

19. September 2022


Kæra bæjarráð

Fyrir hönd foreldrafélagsins Leiks langar mig til að nefna við ykkur óánægju okkar foreldra leikskólabarna á Hellissandi, með motturnar sem staðsettar eru á útileiksvæðinu við skólann. Motturnar eyðileggja öll föt, sem og skó sem börnin koma í á leikskólann og er ástandið orðið ansi þreytt eftir öll þessi ár. Einnig virðist sem motturnar séu hreinlega að versna og lita enn meira út frá sér núna en þær hafa áður gert. Barnaföt og þá sérstaklega útiföt eru rándýr og það er ótrúlega leiðinlegt að geta ekki notað þau aftur á næsta barn eða selt/gefið áfram, því fötin hreinlega eyðileggjast eftir nokkurra vikna/mánaða notkun. Ég vona innilega að þið skoðið málið og athugið hjá framleiðanda hvort þetta sé ekki hreinlega bara galli í þessum mottum. Ég læt myndir fylgja með, dæmi um flikur og skó sem börnin hafa notað í stutta stund á leikskólanum.

Virðingarfyllt,

Helga Jóhannsdóttir

Formaður foreldrafélagsins Leiks og móðir tveggja leikskólabarna



Undirskriftalisti

Helga Jóhannsdóttir

Magnús Darri Sigurðsson

Sigrún Erla Sveinsdóttir

Lilja Þorvarðardóttir

Guðmundur Jensson

Áslaug Olga Heiðarsdóttir

Ingvar Valgeir Ægisson

Helga María Skúladóttir

Marinó Sigurjónsson

Marianna Sigurbjargardóttir

Guðbjartur Þorvarðarson

Júlíana Björk Gunnarsdóttir

Bárður Jóhannuson

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

Daði Rúnar Einarsson

Rut Ragnarsdóttir

Heimir Berg Vilhjálmsson

Kristín Bessa Sævarsdóttir

Jóhannes Stefánsson

Snæfellsbæ 22. september 2022

Ágæta bæjarstjórn

Hér með óskar Félag eldri borgara í Snæfellsbæ, eins og áður eftir niðurfellingu á leigu fyrir Félagsheimilið á Klifi vegna afnota fyrir jólabasar sem þar fer fram þann sunnudaginn 20. nóvember 2022.

Með fyrirfram þökk

Fyrir hönd basarnefndar

Lára Kristindsdóttir

L Guðrún Víglundsóttir

Gíslný Guðbjörnsdóttir

Hrefna Guðbjörnsdóttir

B.t bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Erindi varðandi nýbyggingu að Ólafsbraut 23.

Nýlega var byrjað á byggingu á félagsaðstöðu fyrir eldri borgara í Snæfellsbæ, sem er ánægjulegt framtak og á bæjarstjórn hrós skilið fyrir að ráðast í það verk. Þrátt fyrir það er margt sem vekur furðu og er það sem snýr að undirbúning, afgreiðslu og framkvæmd á verkinu og þarfnast skýringa af hendi bæjarstjórnar til íbúa Snæfellsbæjar.

Undirritaður sótti um þessa lóð fyrir byggingu veitingastaðar árið 2004 en var hafnað á þeim forsendum að deiliskipulag leyfði ekki hús á einni hæð, undirritaður mótmælti höfnunni og benti á að Ólafsbraut 27 væri hús á einni hæð, og kom það svar frá þáverandi byggingarfulltrúa að það hús væri eldra en nú væri komið deiliskipulag er ætlað væri að huga að ásýnd og heildargötumynd. Fleiri aðilar en undirritaður hafa einnig sótt um þessa lóð undir ýmisskonar rekstur/þjónustu en fengið höfnun með sömu útskýringu, þarna skal ekki byggt á einni hæð samkvæmt gildandi deiliskipulagi.

Eftir að framkvæmdir hófust fyrir skömmu á umræddri lóð hóf undirritaður að kynna sér gildandi deiliskipulag Snæfellsbæjar og hvenær því hafi verið breytt og til hvaða tíma það þá gilti. Eftir að hafa lesið upplýsingar á heimasíðu tæknideildar Snæfellsbæjar er ekki að sjá að deiliskipulagi hafi nokkur tíman verið breytt fyrir þetta svæði síðan undirritaður sótti um þessa lóð og hafði þá undirritaður samband við Skipulagsstofnun og óskaði eftir staðfestingu á deiliskipulagi og einnig aðalskipulagi. Svar barst frá Ottó Björgvini Óskarssyni lögfræðing Skipulagsstofnunar að núverandi aðalskipulag gilti frá 2015-2031 og að deiliskipulag hefði verið staðfest 08.09.2005 og undirritað af bæjarstjóra og þar komi fram í greinargerð með deiliskipulaginu að á lóðunum neðan Ólafsbrautar sé heimilt að byggja *tveggja til þriggja hæða* hús, hæsta leyfilega hæð verði allt að 10,5 m yfir aðalgólfi.

-Samkvæmt þessu er *ekki heimilt að byggja einnar hæðar hús á umræddum lóðum*, þar á meðal lóð 23-25. Vakin var athygli undirritaðs á að fremst á byggingareitnum væri blá punktalína er þýddi létt bygging á einni hæð (án frekari útlistunar á hvað það stendur fyrir, en er yfirleitt anddyri eða sambærilegt) en verið er að framkvæma innar á lóðinni en punktalínan segir til. <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=02634425733855575000>

Einnig er vert að vekja athygli bæjarstjórnar á að ef breyta á nýtingu lóðar eða staðsetningu húnæðis er visst ferli er fara þarf fram, hvort sem húsnaði er víkjandi eður ei. Þar er um að ræða, eins og undirritaður skilur það, lýsing á verkinu, kynning, umsagnir, kærufrestur og fleira.

Nú hefur opinberast að á fundi föstudaginn 26. ágúst 2022 (fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar 162 fundar sem hvarf reyndar af heimasíðu SNB 16.9.2022) samþykkti Umhverfis- og Skipulagsnefnd Snæfellsbæjar að ganga gegn gildandi deiliskipulagi Snæfellsbæjar og jafnframt Skipulagslögum miðað við framkomnar upplýsingar, en settur var einhver fyrirvari um grenndarkynningu (er síðan barst hlutaaðeigandi 15.9.2022. – en byrjað var á framkvæmdum 25.8.2022. Þannig að löglegt ferli er á að fara fram áður en framkvæmdir hófust gerði það ekki). Með vísan til 1. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, um lögskyld verkefni sveitastjórna um eftirlit með mannvirkjagerð og leyfisveitingar segir „ Í hverju sveitarfélagi skal starfa

byggingarfulltrúi sem sveitarstjórn ræður. Hann hefur eftirlit með mannvirkjagerð. Þá er almennt óheimilt að grafa grunn fyrir mannvirki, reisa það, rífa eða flytja, breyta því, burðarkerfi þess eða lagnakerfum eða breyta notkun þess, útliti eða formi nema að fengnu leyfi byggingarfulltrúa. *Sveitarstjórn ber ábyrgð á að stjórnýsla og eftirlit byggingarfulltrúa sé í samræmi við ákvæði laga „*

Í 28. gr.sveitarstjórnarlaga segir m.a. „ Vegna starfa sinna í sveitarstjórn á sérhver sveitarstjórnarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnýslu sveitarfélags og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn.“ Þannig að allir bæjararstjórnarmeðlimir hljóta að vera upplýstir um ferli málsins.

Því langar undirrituðum að óska eftir svörum frá bæjarstjórn Snæfellsbæjar hvort:

1. Telur bæjarstjórn í ljósi framangreindra upplýsinga (sem hún á að vera vel meðvituð um) ásættanlegt að skipulagsfulltrúi og umhverfis- og skipulagsnefnd sinni áfram störfum er lúta að umsögnum og samþykktum skipulagsmála í Snæfellsbæ í ljósi greinilegs vanhæfis?
2. Er um óvandaða stjórnýslu og/eða valdnyðslu bæjarstjórnar að ræða í þessu máli og telur bæjarstjórn viðunandi að bjóða bæjarbúum uppá svona vinnubrögð (þar sem má spyrja einnig að því hvort íbúar bæjarins þurfi að fara eftir reglum eða geri eins og Snæfellsbær, framkvæmi fyrst og spyrja seinna?)
3. Að lokum er einnig óskað svara er varða hæfi núverandi bæjarstjórnar Snæfellsbæjar er kemur að frekari skipulagsmálum bæjarfélagsins í ljósi undangenginna vinnubragða.

Einnig langar mig að gera athugasemd við tregðu bæjarstjórnar við beint streymi sé frá bæjarstjórnarfundum og þeir aðgengilegir á netinu.

Með ósk um stutt og hnitmiðuð svör við þessum þremur spurningum sem fyrst.

Snæfellsbæ 25.9.2022.

Árni Guðjón Aðalsteinsson.

Kristinn Jónasson

From: Ólafur Stephensen <olafur@atvinnurekendur.is>
Sent: miðvikudagur, 21. september 2022 09:32
To: Ólafur Stephensen
Cc: Formaður; Sigurður H. Guðjónsson
Subject: Áskorun frá Félagi atvinnurekenda, Húseigendafélaginu og Landssambandi eldri borgara
Attachments: Sameiginleg áskorun FA, Húsó, LEB 210922.pdf

Til sveitarstjórna.

Í viðhengi er sameiginleg áskorun Félags atvinnurekenda, Húseigendafélagsins og Landssambands eldri borgara til stjórnvalda. Þess er óskað að fjallað verði um erindið á fundi sveitarstjórnar.

Kveðja,

Ólafur Stephensen
Framkvæmdastjóri/Secretary General

Félag atvinnurekenda
The Icelandic Federation of Trade

Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7,
103 Reykjavík,

Sími | Phone: +354 588 8910
Farsími | Mobile: +354 669 1218
olafur@atvinnurekendur.is
www.atvinnurekendur.is


FÉLAG  ATVINNUREKENDA

Félag atvinnurekenda, Húseigendafélagið og Landssamband eldri borgara senda stjórnvöldum eftirfarandi sameiginlega áskorun:

Húseigendafélagið, Landssamband eldri borgara og Félag atvinnurekenda skora á ríki og sveitarfélög að grípa til aðgerða til að hindra að gífurlegar verðhækkanir á fasteignamarkaði leiði til mikilla hækkana fasteignagjalda á eignir fólks og fyrirtækja.

- Til **skemmri tíma** þurfa sveitarstjórnir, sem vinna nú að gerð fjárhagsáætlana fyrir næsta ár, að lækka álagningarprósentu fasteignaskatta og -gjalda til að sporna gegn sjálfvirkum hækkunum álagna.
- Til **lengri tíma** þurfa ríki og sveitarfélög að ná saman um leiðir til að breyta óskiljanlegu og ósanngjörnu kerfi þar sem skattlagning fólks og fyrirtækja eltir sveiflur í eignaverði.

Fasteignamat ársins 2023 er 19,9% hærra en ársins 2022. Án aðgerða af hálfu sveitarfélaganna mun sú hækkun leiða til samsvarandi hækkunar fasteignaskatta og -gjalda. Til að setja þessar hækkanir í samhengi má nefna að hækkun vísitölu neysluverðs undanfarna 12 mánuði er 9,7%. Hækkun launavísitölu frá júní 2021 til maí 2022 er um 8%. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga má vænta 6% hækkunar ellilífeyris á næsta ári. Eldri borgarar eru því í sérstaklega erfiðri stöðu, þar sem þeir geta yfirleitt ekki sótt sér auknar tekjur til að mæta hærri skattbyrði.



Hækkun fasteignaskatta og -gjalda bætir enn í verðbólguna. Húsaleiga jafnt atvinnu- sem íbúðarhúsnæðis hækkar og fyrirtæki neyðast til að hækka verð. Sveitarfélögin geta ekki hlaupist undan sinni ábyrgð á því verkefni að ná tókum á verðbólgunni.

Álagðir fasteignaskattar sveitarfélaganna hækkuðu um 50,2% á hvern íbúa á árunum 2015-2021. Það var rúmlega tvöföld hækkun neysluverðsvísitölu á sama tíma, sem nam 24%. Álögur hafa þannig hækkað langt umfram eðlileg viðmið undanfarin ár. Meiri hækkanir eru yfirvofandi nema eitthvað verði að gert, því að hækkun vísitölu markaðsverðs íbúðarhúsnæðis hefur t.d. verið 22,6% undanfarna 12 mánuði.

Útreikningur fasteignamats er ógegnisær og uppfyllir ekki þá einföldu kröfu að skattgreiðandinn skilji hvernig skatturinn er reiknaður út. Fasteignamatið er aðallega gjaldstofn fyrir ýmsar opinberar álögur en er að öðru leyti til lítils gagns. Mikla peninga og mannafla kostar að halda því úti, sem skýtur skökku við á meðan fjármálaráðherra boðar einföldun og fækkun stofnana í ríkisrekstrinum. Auðvelt væri að nota annan gjaldstofn, til dæmis brunabótamat, fermetrafjölda eða aðra viðmiðun sem fylgir ekki sveiflum í fasteignaverði og dregur þannig á eftir sér sjálfvirka röð hækkana.

Húseigendafélagið, Landssamband eldri borgara og Félag atvinnurekenda skora á Bjarna Benediktsson fjármálaráðherra og Sigurð Inga Jóhannsson ráðherra sveitarstjórnarmála að beita sér fyrir viðræðum við sveitarfélögin og hagsmunaaðila um að breyta lögum um fasteignamat og tekjustofna sveitarfélaga og koma á gegnsærra og sanngjarnara kerfi.

Reykjavík, 21. september 2022

Kristinn Jónasson

From: Júlía Sæmundsdóttir <julia.saemundsdottir@mulathing.is>
Sent: miðvikudagur, 7. september 2022 17:47
To: Akrahreppur - Hrefna Jóhannesdóttir; Akraneskaupstaður - Sævar Freyr Þráinsson; Akureyrarkaupstaður - Ásthildur Sturludóttir; Árneshreppur - Eva Sigurbjörnsdóttir; Ásahreppur - Valtýr Valtýsson; Bláskógabyggð - Ásta Stefánsdóttir; Blönduósbær - Valdimar O. Hermannsson; Bolungarvíkurkaupstaður - Jón Páll Hreinsson; Borgarbyggð; Dalabyggð; Dalvíkurbyggð; Eyja- og Miklaholtshreppur; Eyjafjarðarsveit - Finnur Yngvi Kristinsson; fjallabyggd@fjallabyggd.is; Fjarðabyggð; Fljótshreppur - Helgi Gíslason; Flóahreppur; Grindavíkurbær - Fannar Jónasson; Grímsnes- og Grafningshreppur - Iða Marsibil Jónsdóttir; Grundarfjarðarbær - Björg Ágústsdóttir; Grýtubakkahreppur - Pröstur Friðfinnsson; Helgafellssveit - Guðrún Karólína Reynisdóttir; Hrunamannahreppur; Húnabyggð; Húnaþing vestra; Hvalfjarðarsveit; Hveragerðisbær; Hörgársveit - Snorri Finnlaugsson; Ísafjarðarbær; Kaldrananeshreppur - Finnur Ólafsson; kjos@kjos.is; Langanesbyggð Sveitarfélag; Björn Ingimarsson; Mýrdalshreppur; Norðurþing; Rangárþing eystra; Rangárþing ytra; Reykhólahreppur; Reykjanesbær - Kjartan Már Kjartansson; Skaftárhreppur; Skagabyggð - Erla Jónsdóttir; Skagafjörður - Sigfús Ingi Sigfússon; Skeiða- og Gnúpverjahreppur; Skorradalshreppur; Skútustaðahreppur; Kristinn Jónasson; Strandabyggð; Stykkishólmsbær - Jakob Björgvin Jakobsson; Suðurnesjabær; Súðavíkurhreppur Bragi Þór Thorarensen; Svalbarðshreppur - Sigurður Þór Guðmundsson; Svalbarðsstrandarhreppur; Sveitarfélagið Árborg; Sveitarfélagið Hornafjörður; Sveitarfélagið Skagaströnd; Sveitarfélagið Vogar; Sveitarfélagið Ölfus - Elliði Vignisson; Tálknafjörður; Vestmannaeyjabær - Íris Róbertsdóttir; Vesturbyggð; Vopnafjarðarhreppur - Sara Elísabet Svansdóttir; Þingeyjarsveit; Nökkvi Már Jónsson; Hera Ósk Einarsdóttir; gudrun@sudurnesjabaer.is; Svala Hreinsdóttir; Inga Vildís Bjarnadóttir; Félagsmálastjóri Hvalfjarðarsveitar; Sveinn Þór Elinbergsson; Soffía Guðmundsdóttir; Arnheiður Jónsdóttir; Margrét Geirsdóttir; Guðný Hildur Magnúsdóttir; siggi@hunathing.is; Sara Lind; Herdís Á Sæmundardóttir; 'Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir'; hjortur@fjallabyggd.is; Eyrún Rafnsdóttir; 'Guðrún Sigurðardóttir'; Vilborg Þórarinsdóttir; Hróðný Lund; Júlía Sæmundsdóttir; Laufey Þórðardóttir; Erla Björg Sigurðardóttir; Svava Davíðsdóttir; Melkorka Jónsdóttir; Heiða Ösp Kristjánsdóttir; Þorsteinn Hjartarson; Þórhildur Sigurðardóttir; Finnur Yngvi Kristinsson; Hugrún Ósk Hermannsdóttir; ragnheidur@thelamork.is; Silja Rós Guðjónsdóttir; Halldóra Kristín Hauksdóttir; Andrea Ýr Arnarsdóttir; Guðrún Pálína Jóhannsdóttir; Pétur Arason; Pröstur Friðfinnsson; Oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps; Unnur Valborg Hilmarisdóttir; Hlöðver Gunnarsson; Sigríður Ingvarsdóttir; Bryndís Ósk Jónsdóttir; Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir; Steinar Adolfsson

Subject: Umdæmisráð barnaverndar á landsbyggðinni
Attachments: Samningur um rekstur umdæmisráðs barnaverndar á landsbyggðinni.odt; Erindisbréf fyrir valnefnd.docx; Viðauki II.odt

Sæl öll,

Kærar þakkir fyrir góðan fund fyrr í dag. Hér koma lokaútgáfur samnings og tveggja viðauka sem leggja þarf fyrir sveitarstjórnir allra aðildarsveitarfélaga sem fyrst. Gert er ráð fyrir því að búið sé að staðfesta í öllum sveitarfélögum fyrir föstudaginn 16. september nk. en þá tekur erindisbréf valnefndar gildi og hún hefur umboð til þess að skipa ráðsmeðlimi í umdæmisráði okkar sem nú er kennt við landsbyggðina. Ég vil hvetja þau sveitarfélög sem eigi hafa boðað sveitarstjórnir sínar til fundar fyrir 16. september nk. að kalla til aukafundar til þess að okkur takist í sameiningu að mynda ráðið okkar.

Ég hlakka til að heyra frá ykkur og er bjartsýn á frekara samstarf.

Kveðja,



Júlía Sæmundsdóttir

Félagsmálastjóri

Sveitarfélagið Múlaþing

(354) 4700700 | (354) 8922772

julia.saemundsdottir@mulathing.is

www.mulathing.is

Skilmálar varðandi tölvupóst

Samningur um rekstur umdæmisráðs barnaverndar á landsbyggðinni

1. gr.

Umdæmisráð barnaverndar, aðild og lagagrundvöllur

Sveitarfélög sem staðfest hafa samning þennan, reka saman umdæmisráð barnaverndar á landsbyggðinni.

Samningur þessi er gerður með vísan til 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 þar sem fjallað er um skipan umdæmisráðs barnaverndar.

Önnur sveitarfélög geta orðið aðilar að umdæmisráðinu með samþykki allra aðildarsveitarfélaga með undirritun viðauka við samning þennan.

2. gr.

Skipan umdæmisráðs og valnefnd

Aðildarsveitarfélögin skulu koma sér saman um fimm manna valnefnd sem fær umboð sveitarfélaganna til skipunar umdæmisráðs barnaverndar (sjá erindisbréf valnefndar í viðauka I). Ef skipa þarf nýjan aðal- eða varamann á skipunartíma ráðsins annast valnefnd þá skipan með tilkynningu til aðildarsveitarfélaga. Valnefnd heldur fundi eftir þörfum um þau mál er varða rekstur ráðsins.

Ef ráðsmaður óskar lausnar eða er vikið úr ráðinu vegna framkomu hans eða skorts á almennu hæfi til setu í ráðinu, skal skipa nýjan ráðsmann í hans stað til þess tíma sem eftir er af skipunartíma ráðsins.

Um hæfi ráðsmanna fer samkvæmt 2. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga.

Skipunartími ráðsmanna er frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2027.

3. gr.

Verkefni umdæmisráðs

Með samningi þessum fela aðildarsveitarfélögin umdæmisráðinu öll þau hlutverk sem því eru fengin í barnaverndarlögum og eftir atvikum öðrum lögum.

Umdæmisráðið er sjálfstætt í störfum sínum og stendur utan við almenna stjórnslu sveitarfélaga. Ráðsmenn umdæmisráðs barnaverndar taka ekki við fyrirætlum um meðferð einstakra mála.

Umdæmisráð tekur eftirfarandi ákvarðanir með úrskurði sbr. tilvitnuð ákvæði barnaverndarlaga:

1. Beiting úrræða án samþykkis foreldra, sbr. 26. gr.
2. Vistun barns utan heimilis í allt að fjóra mánuði, sbr. 27. gr.

3. Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um vistun barns í allt að tólf mánuði, sbr. 28. gr.
4. Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um forsjársviptingu, sbr. 29. gr.
5. Umgengni í fóstri og við vistun, sbr. 74. og 81. gr.

Barnaverndarþjónusta undirbýr og fer fram á úrskurð umdæmisráðs barnaverndar vegna mála sem lúta úrskurðarvaldi ráðsins. Þegar farið hefur verið fram á úrskurð umdæmisráðs getur ráðið lagt fyrir barnaverndarþjónustu að afla frekari gagna sem ráðið telur nauðsynleg til að komast að niðurstöðu í málinu.

Umdæmisráðið annast sjálft ritun úrskurða. Ráðið boðar til funda með málsaðilum og stjórnendum barnaverndarþjónustu.

Um ályktunarhæfi og form úrskurða umdæmisráðs barnaverndar fer samkvæmt stjórnisýslulögum.

Þegar fyrir liggur úrskurður umdæmisráðs barnaverndar ber barnaverndarþjónustu án tafar að koma honum til framkvæmdar í samræmi við hagsmuni barnsins.

Gögn sem verða til hjá umdæmisráði barnaverndar skulu varðveitt hjá barnaverndarþjónustu í gagnagrunni og stafrænum lausnum sem eru starfrækt af Barna- og fjölskyldustofu. Varðveita skal upplýsingarnar í skjalasöfnum viðkomandi barnaverndarþjónusta þar til gagnagrunnur og stafrænar lausnir eru fullbúnar. Umdæmisráð barnaverndar hefur aðgang að gögnum mála hjá viðkomandi barnaverndarþjónustu. Umdæmisráð barnaverndar skal vinna gögn barnaverndarmála í gagnagrunni og stafrænum lausnum sem eru starfrækt af Barna- og fjölskyldustofu í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur.

4. gr.

Aðbúnaður og aðsetur umdæmisráðs og tengiliðir

Aðildarsveitarfélögin veita aðal- og varamönnum styrk á skipunartíma til að ráðsmenn hafi fullnægjandi búnað til starfa sinna. Upphæð styrks er 100.000,- kr. og greiðist 1. janúar ár hvert á skipunartíma ráðsins.

Umdæmisráð hefur ekki fast aðsetur en aðildarsveitarfélögin skuldbinda sig til að útvega þeim fundaraðstöðu á hverjum stað eftir því sem nauðsyn krefur. Hvert sveitarfélag ber ábyrgð á að ráðið geti fundað í fjarfundi sé þess óskað, með fundarbúnaði er uppfyllir persónuverndarlög og öryggissjónarmið.

Yfirmaður barnaverndarþjónustu eða staðgengill hans annast nauðsynleg samskipti við umdæmisráð barnaverndar. Hver barnaverndarþjónusta fyrir sig ber ábyrgð á aðgangi ráðsmeðlima að gögnum þeirra mála er til umfjöllunar eru hverju sinni.

Formaður umdæmisráðs hefur yfirstjórn ráðsins með höndum og er tengiliður umdæmisráðs við aðildarsveitarfélög og barnaverndarþjónustu þeirra.

5. gr.

Þóknun ráðsmanna

Ráðsmenn fá greidda fasta þóknun á mánuði fyrir setu í ráðinu. Auk fastrar þóknunar er greidd sérstök þóknun fyrir hvert mál sem kemur til kasta umdæmisráðsins, þ.e.a.s. greitt er fyrir hvern úrskurð. Greiðsla er innt af hendi fyrir hvern úrskurð, sama hversu oft málið er tekið fyrir af ráðinu. Ef um systkini er að ræða og álitaefni sambærileg, er ein greiðsla fyrir úrskurð er gildir um þau börn. Nánar er kveðið á um greiðslur til ráðsmanna í viðauka II við samning þennan.

Óski barnaverndarþjónustur að fundir séu haldnir í heimahéraði, ber að greiða ráðsmeðlimum ferðakostnað og dagpeninga eða útlagðan kostnað skv. framlögðum reikningum.

6. gr.

Skipting kostnaðar milli sveitarfélaga

Föst þóknun ráðsmanna sbr. 1. mgr. 5. gr. og almennur kostnaður við rekstur ráðsins sbr. 1. mgr. 4. gr. skiptist milli sveitarfélaga í samræmi við fjölda íbúa sem Hagstofa Íslands birtir 1. janúar ár hvert. Kostnaður vegna einstakra mála sbr. 2. og 3. mgr. 5. gr. greiðist af viðkomandi sveitarfélagi.

7. gr.

Umsýsla kostnaðar vegna starfsemi umdæmisráðs

Sveitarfélög sem eiga aðild að umdæmisráði á landsbyggðinni skiptast á að annast fjárhagslega umsýslu vegna reksturs ráðsins. Sveitarfélagið Akureyrarbær sinnir umsýslu frá og með 1. janúar 2023 til og með 31. desember 2027. Þar undir heyra greiðslur til ráðsmanna sbr. 5. gr. sem og annar sameiginlegur kostnaður sem fellur til og rúmast innan sameiginlegs rekstrar ráðsins. Greiðsla fasts kostnaðar skv. 5. gr. fellur niður hjá því sveitarfélagi sem annast fjárhagslega umsýslu hverju sinni og dreifist því á önnur aðildarsveitarfélög umdæmisráðsins skv. 6. gr. Umsýsla kostnaðar umdæmisráðs næsta skipunartímabils færirst til annarra sveitarfélaga er aðild eiga að samningi þessum eftir stafrófsröð frá Akureyrarbæ að telja.

Umsýslusveitarfélag sendir mánaðarlega reikninga til aðildarsveitarfélaga og árlega skýrslu um rekstur ráðsins. Umsýslusveitarfélag sér ekki um greiðslu til umdæmisráðs vegna fyrirtöku einstakra mála hjá ráðinu.

Úrsagnir úr ráðinu eða beiðnir um aðild skulu berast umsýslusveitarfélagi sem sendir tilkynningar eða beiðnir til aðildarsveitarfélaga sbr. 1. og 8. gr.

8. gr.

Úrsögn sveitarfélags og endurskoðun samnings

Ákveði sveitarfélag að hætta aðild að umdæmisráð skv. samningi þessum og ganga inn í annað umdæmisráð skal viðkomandi sveitarfélag tilkynna það með skriflegum hætti til

umsýslusveitarfélags. Tekur úrsögn þá gildi við næstu mánaðamót, að því gefnu að sveitarfélagið hafi greitt upp allan þann kostnað sem því ber sbr. 5. gr.

Fjórðungur sveitarfélaga er aðild eiga að samningi þessum geta farið fram á endurskoðun samningsins í heild sinni eða að hluta. Umsýslusveitarfélag boðar þá til fundar með mánaðar fyrirvara þar sem breytingatillögur verða bornar upp og ræddar. Samþykki helmings sveitarfélaga þarf til að breytingar taki gildi frá næstu mánaðarmótum.

8. gr.

Gildistaka

Samningur þessi öðlast gildi 1. janúar 2023 og gildir til 31. desember 2027.

Staðfesting samnings þessa er einnig staðfesting á erindisbréfi valnefndar umdæmisráðs á landsvísu sem tekur gildi 16. september 2022 (viðauki I).

Samningur þessi er einnig staðfesting á viðauka II er fjallar um þóknun ráðsmeðlima.

Samningur er staðfestur með rafrænni undirritun.

Erindisbréf valnefndar umdæmisráðs barnaverndar á landsbyggðinni
viðauki I við samning um rekstur umdæmisráðs barnaverndar á landsbyggðinni

1. gr.

Skipan nefndar

Sveitarfélög er aðild eiga að umdæmisráði barnaverndar á landsbyggðinni, skipa fimm manna valnefnd er fer með umboð sveitarfélaganna til skipunar í umdæmisráð barnaverndar sbr. 14. gr. bvl. nr. 80/2002 og 2. gr. samnings um umdæmisráð barnaverndar á landsbyggðinni.

Sveitarfélögin skipa fimm fulltrúa í valnefnd og jafnmarga til vara, einn frá hverjum landsfjórðungi og sá fimmti frá umsýslusveitarfélagi hverju sinni. Nefndarmenn eru fulltrúar sinna sveitarfélaga og eru stjórnendur í barnavernd eða sviðsstjórar velferðarþjónustu. Skipun í valnefnd er því bundin embætti en ekki einstaklingum. Nefndin starfar í umboði sveitarstjórna þeirra sveitarfélaga er aðild eiga að umdæmisráði barnaverndar á landsbyggðinni.

2. gr.

Starfshættir

Skipunartími valnefndar er 16. september 2022 til og með 31. desember 2027. Valnefnd heldur hlutverki sínu þar til ný nefnd hefur verið skipuð.

Valnefnd kýs sér formann, varaformann og ritara. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Aðalmenn boða varamenn sína til fundar ef þeir forfallast en valnefnd getur einnig ákveðið að allir varamenn sitji fundi ásamt aðalmönnum.

Valnefnd kemur saman minnst tvisvar sinnum á ári en heldur fundi eins og þurfa þykir.

Seta í valnefndinni er ólaunuð.

Fundargerðir valnefndar skulu vistaðar hjá því sveitarfélagi sem fer með umsýslu umdæmisráðsins hverju sinni skv. 7. gr. samningsins.

3. gr.

Hlutverk og markmið

Hlutverk valnefndar er að velja umdæmisráð barnaverndar á landsbyggðinni skv. 14. gr. bvl. nr. 80/2002 í umboði sveitarstjórna er að ráðinu standa. Valnefnd gefur út skipunarbréf til þeirra er valdir eru til setu í umdæmisráði.

Umdæmisráð skal skipað þremur ráðsmönnum, lögmanni sem er formaður ásamt félagsráðgjafa og sálfræðingi. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðsmenn skulu í það minnsta hafa þriggja ára starfsreynslu í barnavernd og þekkingu og færni til setu í ráðinu. Ekki er heimilt að skipa ráðsmann sem starfar við barnaverndarþjónustu í umdæmi ráðsins. Skipunartími ráðsins er fimm ár frá 1. janúar 2023 til og með 31. desember 2027. Umdæmisráð heldur hlutverki sínu þar til nýtt ráð hefur verið skipað.

4. gr.

Nýskipun og mat á hæfi

Ef ráðsmaður óskar lausnar eða er vikið úr ráðinu vegna framkomu hans eða skorts á almennu hæfi til setu í því, skipar valnefnd ráðsmann í hans stað til þess tíma sem eftir er af skipunartíma ráðsins. Komi upp vafi um hæfi skipaðs ráðsmeðlims, getur valnefnd kallað til sérfræðinga og matsaðila til vinnu að lausn málsins. Málsmeðferð fer þá skv. l. nr. 37/1993.

5. gr.

Gildistaka

Gildistaka erindisbréfs valnefndar umdæmisráðs á landsbyggðinni sem og umboð til skipunar á ráðsmeðlimum, tekur gildi með staðfestingu aðildarsveitarfélaga á samningi um sameiginlegt umdæmisráð á landsbyggð á rafrænu formi.

Umdæmisráð barnaverndar á landsbyggðinni
viðauki II við samning um rekstur umdæmisráðs barnaverndar á landsbyggðinni

Þóknun ráðsmanna

Ráðsmenn fá greidda fasta þóknun á mánuði fyrir setu í ráðinu. Þóknun formanns er 200.000,- kr., þóknun annarra aðalmanna er 100.000,- kr. og þóknun varamanna 50.000,- kr. á mánuði.

Auk fastrar þóknunar er greidd sérstök þóknun fyrir hvert mál sem kemur til úrskurðar ráðsins. Þóknun formanns er 400.000,- kr. fyrir hvert mál en þóknun annarra sem taka þátt í meðferð málsins, hvort sem það eru aðal- eða varamenn eru 300.000,- kr.

Úrskurðir varðandi umgengnismál sbr. 74. og 81. gr. bvl. hafa lægri þóknun. Formanni er greiddar 150.000,- kr. og öðrum ráðsmeðlimum 100.000,- kr. Úrskurðir um systkini teljast sem ein fyrirtaka eða greiðsla.

Óski barnaverndarþjónustur að fundir séu haldnir í heimahéraði, ber þeim að greiða ráðsmeðlimum ferðakostnað og dagpeninga eða útlagðan kostnað skv. framlögðum reikningum.

Sveitarfélög er standa að umdæmisráði barnaverndar á landsbyggðinni geta endurskoðað ofangreindar upphæðir með sameiginlegri ákvörðun þar að lútandi sbr. 8. gr. samnings um umdæmisráð.

Gildistaka

Viðauki II við samning um sameiginlegt umdæmisráð á landsbyggðinni, tekur gildi með staðfestingu aðildarsveitarfélaga á samningnum á rafrænu formi.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar
Klettsbúð 4
360 Hellissandi

Reykjavík, 28. september 2022

Erindi: Tækifæri barna til áhrifa og ungmennaRÁÐ TIL RÁÐAMANNA

Með þessu erindi vill UNICEF á Íslandi hvetja Snæfellsbæ til að fjölga tækifærum barna til áhrifa innan sveitarfélagsins með stofnun ungmennaráðs, ef það hefur ekki þegar verið gert, eða með því að efla starf ungmennaráðs í samræmi við ráð ungmenna til ráðamanna.

Réttur barna til þátttöku í stefnumótun og ákvörðunartöku

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var lögfestur á Íslandi árið 2013. Samkvæmt honum á barn rétt á því að taka þátt í ákvörðunum sem það varðar og stjórnvöldum ber skylda til þess að skapa barnvænar leiðir til þátttöku. Árið 2021 samþykktu stjórnvöld stefnu um Barnvænt Ísland og er þátttaka barna fyrsta markmið þeirrar stefnu. Frá árinu 2007 hafa sveitarfélög átt, samkvæmt lögum, að hlutast til um stofnun ungmennaráðs og hefur yfir helmingur sveitarfélaga gert það. Enn skortir því á samráð og tækifæri barna til raunverulegra áhrifa í sveitarfélögum.

UNICEF á Íslandi hefur stutt við Barnvæn sveitarfélög í því að efla ungmennaráð og auka samráð við börn. Þann 15. september sl. stóð UNICEF fyrir fjölmennri ráðstefnu fyrir starfsfólk sveitarfélaga um leiðir til þess að efla þátttöku barna. Í aðdraganda ráðstefnunnar birtu fjölmiðlar grein ungmennaráða Reykjanesbæjar og Akureyrar þar sem fulltrúar ráðanna ítrekuðu nauðsyn þess að styðja enn betur við ungmennaráð um allt land.

Ráð ungmenna til ráðamanna

Vorið 2022 stóð UNICEF á Íslandi fyrir vinnustofum fyrir ungmennaráð í sveitarfélögum sem taka þátt í verkefninu Barnvæn sveitarfélög. Haldnar voru fimm vinnustofur um merkingabæra þátttöku barna í Reykjavík, á Flúðum, Egilstöðum og Akureyri. Á vinnustofunum settu ungmennaráðin saman tólf ráð til ráðamanna til þess af efla ungmennaráð sveitarfélaga.¹


1. Ungmennaráð skal vera upplýst um það sem fram undan er í sveitarfélaginu.
2. Mál sem varða börn og ungmenni skulu vera lögð fyrir ungmennaráð áður en ákvarðanir eru teknar. Önnur mál má einnig senda til umsagnar til ungmennaráðs.
3. Tryggja þarf aðgengi ungmennaráðs að upplýsingum á barnvænu máli.

¹ Ráðin voru samin af ungmennaráðum Akureyrarbæjar, Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar, Fjarðarbyggðar, Hafnarfjarðarbæjar, Hrunamannahrepps, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Múlaþings, Rangárþings eystra, Reykjanesbæjar, Vopnafjarðarhrepps og Ölfuss.

4. Tryggja þarf ungmennaráði fræðslu, m.a. um rétt barna til þátttöku, hvernig stjórnarsýsla sveitarfélagsins virkar og þjálfun í því að nýta rödd sína.
5. Bera þarf virðingu fyrir börnum og ungmennum og hugmyndir þeirra skulu teknar alvarlega.
6. Ungmennaráð ættu að fá fleiri tækifæri til þess að koma inn á bæjarstjórnarfundum og eiga áheyrnarfulltrúa í nefndum og ráðum.
7. Kynna þarf starf ungmennaráðsins betur bæði fyrir börnum og fullorðnum.
8. Ungmenni ættu að fá greitt fyrir fundarsetu með sama hætti og aðrir.
9. Fundartímar, t.d. hjá ráðum og nefndum, þurfa að henta börnum. Passa þarf að börnin sem sækja eiga fundinn séu ekki í skóla eða með aðrar skuldbindingar á fundartíma.
10. Sveitarfélög ættu að tryggja eftirfylgni. Ungmennaráð ætti að fá að vita hvaða áhrif þátttaka þeirra hafði og ef hugmyndir þeirra voru ekki framkvæmdar þarf að útskýra hvers vegna.
11. Mikilvægt er að ráðamenn séu heiðarlegir, ekki bara „næs“.
12. Verkefni sem snúa að börnum og ungmennum ættu að vera vel fjármögnuð.

Það er skýr réttur barna að hafa áhrif á málefni sem þau varðar. UNICEF á Íslandi skorar því á Snæfellsbæ að auka tækifæri barna til áhrifa í sveitarfélaginu. Ýmist með því að stofna ungmennaráð, ef það hefur ekki þegar verið gert, eða efla starf ungmennaráðsins í samræmi við ráð ungmenna til ráðamanna.

Virðingarfyllt,



Birna Þórarinsdóttir
Framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Landssamband skógræktarfélaganna – Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík
Sími: 551 8150 Netfang: skog@skog.is Vefsíða: www.skog.is

Reykjavík 22. september 2022

Samband íslenskra sveitarfélög
Bt. stjórnar
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Með bréfi þessu vill stjórn Skógræktarfélags Íslands fylgja eftir eftirfarandi ályktun sem samþykkt var á aðalfundi félagsins nýverið.

Sveitarfélög, skipulagsáætlanir og framkvæmdaleyfi til skógræktar

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Mosfellsbæ dagana 2.-4. september 2022, skorar á sveitarstjórnir landsins að vinna að skipulagsáætlunum í takt við stefnu stjórnvalda um skógrækt á landsvísu og eru sveitarfélög hvött til að koma sér upp skilvirkum verkferlum og forðast óþarfa tafir og kostnað við afgreiðslu framkvæmdaleyfa vegna skógræktar.

Það er einlæg ósk Skógræktarfélags Íslands að ályktunin verði tekin til góðfúslegrar skoðunar.

F.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Samrit: Innviðaráðuneytið og sveitarfélögin á landsvísu.